

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 141/2005

frá 2. desember 2005

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2005 frá 30. september 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/200/EB frá 2. mars 2005 um að heimila Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Möltu að samþykkja strangari kröfur að því er varðar flughafra, *Avena fatua*, í sáðkorni ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/310/EB frá 15. apríl 2005 um tímabundin viðskipti með tiltekið fræ af tegund sojabauna, *Glycine max*, sem uppfyllir ekki kröfur í tilskipun ráðsins 2002/57/EB ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/325/EB frá 8. mars 2005 um að leysa Tékkland, Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Möltu og Pólland undan þeirri skyldu að beita, að því er varðar tiltekna tegundir, tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 68/193/EBE, 1999/105/EB og 2002/57/EB um markaðssetningu fóðurjurtafræs, sáðkorns, efnis fyrir kynlausa fjölgun vínviðar, fjölgunarefnis í skógrækt og olú- og trefjajurtafræs ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

Ákvæði 2. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 40. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/114/EB):
„41. **32005 D 0310:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/310/EB frá 15. apríl 2005 um tímabundin viðskipti með tiltekið fræ af tegund sojabauna, *Glycine max*, sem uppfyllir ekki kröfur í tilskipun ráðsins 2002/57/EB (Stjtið. ESB L 99, 19.4.2005, bls. 13).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 73. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/416/EB) undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL“:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 22.12.2005, bls. 6 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 66, 22.12.2005, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 19.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 99, 19.4.2005, bls. 13.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 109, 29.4.2005, bls. 1.

- „74. **32005 D 0200**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/200/EB frá 2. mars 2005 um að heimila Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Möltu að samþykkja strangari kröfur að því er varðar flughafra, *Avena fatua*, í sáðkorni (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 19).
75. **32005 D 0325**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/325/EB frá 8. mars 2005 um að leysa Tékkland, Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Möltu og Pólland undan þeirri skyldu að beita, að því er varðar tilteknar tegundir, tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 68/193/EBE, 1999/105/EB og 2002/57/EB um markaðssetningu fódurjurtafræs, sáðkorns, efnis fyrir kynlausa fjölgun vínvíðar, fjölgunarefnis í skógrækt og olíu- og trefjurtafræs (Stjtið. ESB L 109, 29.4.2005, bls. 1).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Vísanir í aðrar gerðir í ákvörðuninni teljast gildar að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem slíkar gerðir hafa verið felldar inn í samninginn.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2005/200/EB, 2005/310/EB og 2005/325/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. desember 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.